

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2627  
komudagur 1.6.2010



**FÍN**  
Félag íslenskra  
náttúrufræðinga

Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 26. maí 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga (EES-reglur, heildarlög), 549. mál.**

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst tölvupóstur frá Umhverfisnefnd Alþingis, dagsettur 11. maí 2010, þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga (EES-reglur, heildarlög), 549. mál.

Samkvæmt 10. gr. þessara laga á umhverfisráðherra að skipa samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga til fimm ára í senn og á nefndin að vera faglegur vettvangur til að móta stefnu í landupplýsingamálum og vinna aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöld við að innleiða grunngerð landupplýsinga á Íslandi.

Mikilvægt er að í lögnum sé gerð sú krafa að ráðuneytin og aðrir sem eiga að skipa fulltrúa í þessa nefnd séu sett þau skilyrði að skipaðir einstaklingar þurfi að vera sérfræðingar á landupplýsingasviði þar sem gert er ráð fyrir að um faglegan vettvang sé að ræða.

Félagið gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

---

Páll Halldórsson, formaður FÍN